

Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs



Frá tjaldsvæðinu á Egilsstöðum.

Upplysingamiðstöðin og tjaldsvæðið á Egilsstöðum hlutu Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs 1997. Halldór Blöndal samgönguráðherra afhenti Steinunni Ásmundsdóttur, ferðamálaufulltrúa Fljótsdalshéraðs, og Sigurjóni Hafsteinssyni, aðstoðarframbkvæmdastjóra Ferðamiðstöðvar Austurlands, verðlaunin á Ferðamálaráðstefnunni á Blönduosi 9. október. Alls bárust átta tilnefningar frá ferðamálaufulltrúum víða um land, en þetta er í þriðja sinn sem verðlaunin eru veitt. Árið 1995 hlutu bændur í Vigur verðlaunin og árið 1996 varð Knörrinn á Húsavík fyrir valinu.

Uppbygging tjaldsvæðisins hefur staðið allt frá því að Kaupfélag Héraðsbúa opnaði það 1968, en í dag er reksturinn í höndum Ferðamiðstöðvar Austurlands. Halldór Blöndal samgönguráðherra sagði í ávarpi sínu að eðli þjónustunnar á tjaldsvæðinu hafi breyst og það sé í raun þjónustustaður sem leggi sérstaka áherslu á umhverfismál og fræðslu um staðhætti og sögu. Allt ytra umhverfi, sorpflokkun, gönguferðir og fræðsla, geri það að verkum að þeir sem nýti sér þjónustuna fari af staðnum fróðari um umhverfismál og staðhætti.



Steinunn Ásmundsdóttir, ferðamálaufulltrúu Fljótsdalshéraðs, með Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs 1997. Verðlaunagripurinn er höggmynd eftir Hallstein Sigurðsson.

Samtenging við upplýsingamiðstöðina sé styrkur sem geri tjaldsvæðinu kleift að sinna fræðsluhlutverkinu sérstaklega vel.

Tjaldsvæðið er manngert en reynt hefur verið að láta trjágróður og aðrar plöntur sem voru til staðar halda sér og hluti mólendisins er látin ósnortinn til að viðhalda fjölbreyttu fuglalífi. Hús og búnaður fellur mjög vel að umhverfinu og eru t.d. girðingarástaurar, hjólagrindur o.fl. smíðaðar úr tilfallandi trjám af svæðinu.

Hönnun svæðisins er þannig að álagið dreifist yfir stórt svæði og tekur vel við fjölda manns án þess að valda miklum skaða á gróðri. Þá var gefið út fréttabréf tjaldsvæðisins til upplýsingar fyrir ferðamenn um umhverfismál og þjóðsögur tengdar svæðinu.

Í greinargerð segir m.a. að þessi starfsemi sé til eftirbreytni fyrir aðra aðila og skref til framtíðar. Þeir erlendu ferðamenn sem sækja Ísland heim komi flestir frá löndum þar sem umhverfisvitund er sterk. Þess vegna sé það sjálfsögð krafa að umhverfismálum sé vel sinnt á þjónustustöðum fyrir ferðamenn, eins og reyndar hjá landsmönnum öllum. Það sem geri tjaldsvæðinu á Egilsstöðum m.a. kleift að standa svo vel að málum sé markvisst starf bæjarins að umhverfismálum.